

Fimmtudaginn 15. desember 1988.

Nr. 296/1988. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Jóni Svavarssyni

(Guðný Höskuldsdóttir hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 12. ágúst sl. og af hálfu ákærvaldsins til þyngingar refsingar og lengingar á ökuleyfissviptingu.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu og málsvarnarlauna úr ríkissjóði.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi. Þegar atvik málsins gerðust voru tveir lögreglumenn við radarmælingar á Kringlumýrarbraut. Ákærði ók norður brautina í átt til þeirra. Segja lögreglumennirnir að bifreið ákærða hafi mest náð 108 km hraða miðað við klst. Þeim tókst ekki að stöðva radartækið í þeirri stöðu. Er varhugavert að telja sannað að ákærði hafi ekið svo hratt. Samkvæmt framburði lögreglumannanna að öðru leyti þykir þó, samkvæmt 110. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála sbr. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, nægilega fram komið að ákærði hafi ekið yfir lögleyfðum hraða, enda hefur ekkert komið fram í málinu sem veikir skýrslur þeirra í verulegum atriðum. Ber því með tilvísun til raka hins áfrýjaða dóms að staðfesta hann.

Það þykir athugavert að skipuðum verjanda var ekki tilkynnt um þinghald í málinu 19. desember 1987.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með

talín saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðnýjar Höskuldsdóttur hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 9. júní 1988.

Mál þetta sem dómtekið var þann 31. maí sl. er höfðað af ákærvaldsins hálfu með ákæru dags. 4. nóvember 1987 „á hendur Jóni Svavarssyni raf-cindavirkjameistara, Hlíðarvegi 22, Kópavogi, fæddum 3. ágúst 1956 í Reykjavík, fyrir að aka sunnudaginn 20. september 1987 bifreiðinni R-3231 á allt að 108 km hraða miðað við klukkustund á Kringlumýrarbraut, er ákærði ók í norður á vegarkafnanum frá Nesti í Fossvogi að Fossvogsvegi, þar sem lögreglan mældi hraða ákærða með ratsjá, en þar er leyfilegur hámarkshraði 60 km.

Telst þetta varða við 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976, og 16, 1977, 3. og 4. mgr. 46. gr. lögreglu-samþykktar fyrir Reykjavík nr. 2, 1930, sbr. breytingu á henni nr. 318, 1977.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Samkvæmt lögregluskýrslum, framburði ákærða og vitna svo og öðrum gögnum eru málavextir þeir að sunnudaginn 20. september 1987 ók ákærði bifreiðinni R-3231 norður Kringlumýrarbraut en hann var að koma úr Kópavogi. Lögreglumenn voru í lögreglubifreið sem stóð við Fossvogsveg en samkvæmt framburðum þeirra, lögregluskýrslum og færslu í dagbók mældist hraði á bifreið ákærða með ratsjá 108 km á klukkustund. Lögreglan veitti ákærða eftirför á Bústaðaveg og stöðvaði akstur hans á mótis við hús Veðurstofu Íslands.

Ákærði, Jón Svavarsson, hefur skýrt svo frá að hann hafi ekið úr Kópavogi og verið á hægri akrein á Kringlumýrarbraut þar til sú akrein verður að miðakrein en afrennslisbrautin frá Kringlumýrarbraut verður hægri akrein. Bifreið sem ekið hafi verið á undan ákærða hafi hægt á sér og því hafi hann fært sig yfir á hægri akrein skömmu áður en hann kom að Fossvogsveginum á að giska 100 til 200 m áður eða skömmu eftir að hann ók framhjá Nesti. Vörubifreið og strætisvagn hafi ekið á undan og einnig aðrar bifreiðar. Næsta bifreið á undan bifreið ákærða á hægri akrein hafi verið töluvert langt á undan. Hann kvaðst ekki hafa fylgst með hraðamæli en taldi að bifreiðum á akrein lengst til vinstri hafi verið ekið með meiri hraða en ákærði ók sjálfur á. Ökuhraðinn hafi verið minni en venjulega

þar sem blautt var og rigning eða súld. Hann sagði að lögreglubifreiðin hafi komið í ljós eftir að hann skipti um akrein en hún hafi verið á bak við skjólbelti. Hann kvaðst ekki hafa veitt því athygli að lögreglubifreiðinni var ekið á eftir honum fyrr en lögreglan stöðvaði akstur hans við Veðurstofuhúsið. Þá hafi lögreglumaðurinn sagt að hann hafi ekið á 106 eða 108 km hraða á klukkustund og þetta hafi hann endurtekið eftir að ákærði var kominn inn í lögreglubifreiðina. Þá hafi radarskermur sýnt töluna 46.

Vitnið Jónbjörn Bogason lögreglumaður hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá að hann hafi setið í ökumannssætinu í lögreglubifreiðinni þegar mæling fór fram og hafi hann haft gott útsýni yfir akbrautina. Hann kvaðst hafa séð töluna 108 á radarskermi en fljótlega hafi síðan birst talan 106. Hann kveðst hafa litið eftir umferð um Kringlumýrarbrautina og séð hvíta leigubifreið aka á miðakrein. Nokkrum sekúndum síðar hafi þeirri bifreið verið ekið yfir á hægri akrein og þannig fram úr bifreið sem ekið var á miðakrein. Hann sagði að bifreið ákærða hafi blasað við og hafi henni sýnilega verið ekið hratt, mun hraðar en öðrum bifreiðum sem þarna voru á ferð. Vörubifreið eða flutningabifreið hafi verið ekið þarna töluvert áður en ákærði ók þarna um. Hann kvaðst hafa veitt bifreið ákærða eftirför á Bústaðaveg þar sem hann stöðvaði aksturinn en vitnið taldi alveg vist að þetta hafi verið sama bifreið og mældist á 108 km hraða áður en þetta hafi verið eina leigubifreiðin sem þarna var. Ratsjáin hafi verið prófuð fyrir og eftir mælingu og hafi prófanir sýnt að hún mældi rétt.

Vitnið Björn Ægir Hjörleifsson lögreglumaður hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá að hann hafi séð bifreið ákærða á Kringlumýrarbraut og hafi henni verið ekið mjög hratt og fram úr nokkrum bifreiðum með því að skipt var á milli akreina. Mæling hafi farið fram skömmu áður en bifreið ákærða kom að gatnamótum við Fossvogsveg og hafi bifreiðin verið á hægri akrein. Hann kvaðst hafa séð töluna 106 á radarskermi en síðan hafi hún hækkad í 108 en hann kvaðst muna vel að skermur hafi sýnt báðar þessar tölur. Ekki hafi verið nokkur vafi á því að mæling hafi átt við bifreið ákærða en henni hafi verið ekið mun hraðar en öðrum bifreiðum sem þarna óku. Langferðabifreið hafi verið ekið þarna um nokkru áður og útilokað væri að sú bifreið hafi truflað mælingu. Umferð hafi verið nokkur en útsýni yfir Kringlumýrarbrautina hafi verið gott og aðstæður góðar til að fylgjast með umferð og akstri ákærða, en hann hafi greinilega ekið mun hraðar en aðrir. Ákærða hafi verið veitt eftirför á Bústaðaveg þar sem akstur hans var stöðvaður.

Ákærði hefur lagt fram ljósmyndir af vettvangi. Þá hefur rannsóknardeild lögreglunnar í Kópavogi gert ljósmyndir að beiðni dómarsins. Dómarsinn hefur gengið á vettvang og skoðað aðstæður gaumgæfilega.

Af hálfu ákærða hefur verið lögð fram skrifleg vörn og eru gerðar þær

kröfur að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu og sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, verði lagður á ríkissjóð.

Ákærði mótmælir því að hafa ekið á þeim hraða sem hann er ákærður fyrir að hafa ekið á en allnokkur umferð hafi verið norður eftir Kringlumýrarbraut þegar þetta var. Verulegar líkur væru á því að lögreglumennirnir hafi mælt hraða annarrar eða annarra bifreiða enda hafi bifreiðar á vinstri akrein ekið hraðar en ákærði að hans eigin sögn.

Þann 20. september 1987 var ákærði sviptur ökuleyfi til bráðabirgða með ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík. Ákærði gerði þá kröfu fyrir dómi að sviptingin yrði felld úr gildi og var það gert með úrskurði upp kveðnum þann 25. september s.á.

Niðurstöður.

Með vísan til lögregluskýrslna, svo og framburða lögreglumannanna fyrir dómi, þar sem fram kemur að þeir fylgdust með akstri ákærða er hann ók norður Kringlumýrarbraut að Fossvogsvegi, sáu hann aka með miklum hraða og mældu aksturshraðann með ratsjá, þykir sannað að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá sem honum er að sök gefin í ákæruskjali en ekkert hefur komið fram við rannsókn málsins sem bendir til að ekki hafi verið rétt að mælingu staðið. Þykir brot ákærða varða við 37. gr. sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 23. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 625/1987 sbr. þágildandi 50. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 sbr. lög nr. 16/1977 og nr. 54/1976 og 4. mgr. 46. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930 sbr. breytingu á henni nr. 318/1977.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1973 21/3 í Reykjavík: Sátt: 1.000,00 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.

1976 8/6 í Reykjavík: Sátt: 3.000,00 kr. sekt f. brot g. 18. gr. sbr. 80. gr. umfl.

1976 29/6 í Reykjavík: Sátt: 8.000,00 kr. sekt f. brot g. 50. gr. sbr. 80. gr. umfl. sbr. l. 54/1976.

1976 4/11 í Reykjavík: Sátt: 30.000,00 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 4 mán. frá 8.9. 1976.

1978 10/5 í Reykjavík: Sátt: 10.000,00 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl.

1987 20/2 í Kópavogi. Dómur: 16.000,00 kr. sekt f. brot g. 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. mgr. 38. gr., 3. mgr. 47. gr. og 3. mgr., stafl. a og c 49. gr. umfl.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með vísan til þess refsilaga-ákvæðis sem sakkfellt er fyrir sekt í ríkissjóð að fjárhæð kr. 10.000,00 og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 6 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Þá ber svo sem krafist er í ákæru og með vísan til 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 sbr. 81. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 40/1968 að svipta ákærða ökuréttindum og þykir sviptingartíminn hæfilega ákveðinn 1 mánuður frá birtingu dómsins að telja en ákærði sætti sviptingu ökuleyfis til bráðabirgða í 5 daga og dregst sá tími frá sviptingartímanum sbr. 2. mgr. 103. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ.m.t. málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns Klemensar Eggertssonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 18.000,00.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Svavarsson, greiði sekt í ríkissjóð að fjárhæð kr. 10.000,00 og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 6 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 1 mánuð að frádregnum 5 dögum frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns Klemensar Eggertssonar hdl. að fjárhæð kr. 18.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.